

Sp.

317. Nefndarálit

[90. mál]

um till. til þál. um skipulagningu fiskveiða með netjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskmatsráðs. Mæla þeir aðilar báðir með samþykkt hennar. Nefndin er sammála um að mæla með tillögunni með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögungreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands, fiskideild atvinnudeildar háskólans og samtök útvegsmanna og sjómanna.

Ef í ljós kemur, að lagasetningar þurfi um þetta efni, verði frumvarp þar að lútandi lagt fyrir Alþingi.

Alþingi, 1. febr. 1961.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson.	Hannibal Valdimarsson. Björn Pálsson.	Gísli Jónsson.